# Aðalfundur Keflavíkur

## íþrótta- og ungmennafélags

## 2014

## Skýrsla og reikningar

Mánudaginn 24. febrúar kl. 20:00

# Efnisyfirlit

**Efnisyfirlit** ..... 3
**Dagskrá** ..... 5
**1.0 Aðalstjórn Keflavíkur 2013-2014** ..... 6
1.1 Aðalstjórn, verkaskipting og fundir ..... 6
**2.0 Starfandi nefndir á vegum aðalstjórnar** ..... 6
2.1 Ritnefnd ..... 6
2.2 Laganefnd ..... 6
2.3 Landsmóts- og unglingalandsmótsnefndir ..... 6
2.4 Framtíðarnefnd ..... 6
**3.0 Störf aðalstjórnar** ..... 7
3.1 Frá síðasta aðalfundi ..... 7
3.2 Stjórnarfundir ..... 7
3.3 Af störfum aðalstjórnar ..... 7
3.4 Ábyrgð aðalstjórnar gagnvart deildum félagsins ..... 7
3.5 Umhverfisdagur Keflavíkur ..... 7
3.6 Ný deild innan félagsins ..... 8
3.7 Forvarnardagurinn ..... 8
3.8 Útgáfumál ..... 8
3.9 Framkvæmdarstjóri félagsins ..... 8
**4.0 Félagsheimili Keflavíkur** ..... 8
**5.0 Fyrirmyndarfélag/deild ÍSÍ** ..... 8
**6.0 Landsmót UMFÍ** ..... 9
6.1 27. Landsmót UMFÍ á Selfossi 4. - 7. júlí 2013 ..... 9
6.2 16. Unglingalandsmót UMFÍ á Höfn í Hornafirði 2. – 4. ágúst. 2013 ..... 9
6.3 17. Unglingalandsmót UMFÍ á Sauðárkróki 1. – 4. ágúst. 2014 ..... 9
6.4 3. Landsmót UMFÍ 50+ á Vík 7. - 9. júní 2013 ..... 9
6.5 4. Landsmót UMFÍ 50+ á Húsavík 20. - 22. júní 2014 ..... 9
**7.0 Bæjaryfirvöld** ..... 9
**Lokaorð** ..... 9
**8.0 Íþróttakona- og karl Keflavíkur og Íslandsmeistarar Keflavíkur 2013** ..... 10
8.1 Íþróttakona Keflavíkur 2013 Ástrós Brynjarsdóttir ..... 10
8.2 Íþróttakarl Keflavíkur 2013 Kristmundur Gíslason ..... 11
8.3 Íþróttakarl og kona deilda Keflavíkur 2013 ..... 11
8.4 Íslandsmeistarar Keflavíkur 2013 ..... 12
**9.0 Starfsbikar Keflavíkur 2012 Margeir Elentínusson** ..... 12
**10.0 Starfsmerki** ..... 12
10.1 Gullmerki ..... 12
10.2 Silfurmerki ..... 13

10.3 Bronsmerki ........ 13
10.3 Bronsmerki frh. ........ 14
**11.0 Heiðursmerki og starfsbikar. ........ 15**
11.1 Gullheiðursmerki ........ 15
11.2 Silfurheiðursmerki ........ 15
11.3 Starfsbikar Keflavíkur ........ 15
11.4 Gullmerki UMFÍ ........ 16
11.5 Starfsmerki UMFÍ ........ 16
**12.0 Reikningar félagsins 2013 ........ 17**
12.1 Áritun reikninga ........ 18
12.2 Rekstrarreikningur 2013 ........ 19
12.3 Efnahagsreikningur 31. desember 2013 ........ 20
12.4 Sundurliðanir með ársreikningi 2013 ........ 21
12.4 Sundurliðanir með ársreikningi 2013 frh. ........ 22
12.5 Endurmats- og fyrningaskýrsla eigna 2013. ........ 23
12.6 Samstæðureikningur félagsins 2013. ........ 24
12.7 Skýringar með ársreikningi ........ 25
12.8 Fjárhagsáætlun 2014 ........ 26
12.8 Fjárhagsáætlun 2013 frh ........ 27

Aðalfundur 24. febrúar 2014 haldinn í
félagsheimili Keflavíkur Sunnubraut 34
kl. 20:00

## Dagskrá

**1.** Fundarsetning.
**2.** **a)** Kosinn fundarstjóri
**b)** Kosinn fundarritari.
**3.** Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram.
**4.** Formaður félagsins leggur fram skýrslu aðalstjórnar um starfssemi og framkvæmdir á liðnu starfsári.
**5.** **a)** Gjaldkeri félagsins leggur fram og útskýrir endurskoðaða reikninga aðalstjórnar og félagsins í heild fyrir liðið starfsár til samþykktar.
**b)** Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár.
**6.** Ávörp gesta.
**7.** Lagðir fram reikningar fastra nefnda til samþykktar.
**8.** Lagabreytingar sbr. 7. gr. og 10. gr.

Heiðursviðurkenningar

**9.** Kaffi hlé.
**10.** Kosinn formaður til eins árs.
**11.** Kosnir 2 menn í stjórn til tveggja ára.
**12.** Kosnir 3 menn í varastjórn til eins árs.
**13.** Kosnir 2 skoðunarmenn reikninga og einn til vara.
**14.** Kosning fastra nefnda er aðalfundur ákveður.
**15.** Ákveðið félagsgjald.
**16.** Önnur mál.
**17**. Fundarslit.

## 1.0 Aðalstjórn Keflavíkur 2013-2014

### 1.1 Aðalstjórn, verkaskipting og fundir

| | | | |
|---|---|---|---|
| Einar Haraldsson | formaður | sat 19 | fundi |
| Kári Gunnlaugsson | v.formaður | sat 20 | fundi |
| Þórður Magni Kjartansson | gjaldkeri | sat 19 | fundi |
| Sigurvin Guðfinnsson | ritari | sat 17 | fundi |
| Birgir Ingibergsson | meðstjórnandi | sat 15 | fundi |
| Sveinn Adolfsson | varastjórn | sat 17 | fundi |
| Guðjón Axelsson | varastjórn | sat 12 | fundi |
| Bjarney S. Snævarsdóttir | varastjórn | sat 17 | fundi |



Neðri röð frá vinstri: Kári Gunnlaugsson, Einar Haraldsson, Sigurvin Guðfinnsson og Birgir Ingibergsson
Efri röð frá vinstri: Sveinn Adolfsson, Þórður M. Kjartansson, Guðjón Axelsson og Bjarney S. Snævarsdóttir

## 2.0 Starfandi nefndir á vegum aðalstjórnar

### 2.1 Ritnefnd

Framkvæmdarstjóri félagsins sér um útgáfumálin.

Markmið Miðla upplýsingum til fólks um félagið og útgáfu á jólablaði félagsins.

### 2.2 Laganefnd

Aðalstjórn Keflavíkur.

Markmið Viðhalda lögum félagsins.

### 2.3 Landsmóts- og unglingalandsmótsnefndir

Einar Haraldsson, Bjarney S. Snævarsdóttir og Guðjón Axelsson.

Markmið Undirbúa þátttöku keppenda á landsmótum UMFÍ.

### 2.4 Framtíðarnefnd

Skúli Þ. Skúlason, Einar Haraldsson, Sigurvin Guðfinnsson og Þórður M. Kjartansson.
Varamenn:Kári Gunnlaugsson og Birgir Ingibergsson.

Markmið Vinna framtíðarsýn félagsins til næstu 10 ára eða til 2024.

## 3.0 Störf aðalstjórnar

## 3.1 Frá síðasta aðalfundi


Sigurbjörn Gunnarson, Gunnar Sveinsson Kári Gunnlaugsson

Formaður og stjórn voru endurkjörin á síðasta aðalfundi.
Stjórn skipti með sér verkum eins og sjá má hér að framan.
Starfsbikar félagsins var veittur Margeiri Elentínussyni.
Veitt voru starfsmerki,
Gull fyrir fimmtán ára stjórnarsetu, Bjarney S. Snævarsdóttir aðalstjórn.
Silfur fyrir tíu ára stjórnarsetu, Jón S. Ólafsson knattspyrnudeild og Ásgeir S. Vagnsson skotdeild.
Brons fyrir fimm ára stjórnarsetu, Birna P. Sigurgeirsdóttir badm og Jens Magnússon skotdeild.
Gullheiðursmerki var veitt Gunnari Sveinssyni og Sigurbirni Gunnarssyni.
Silfurheiðursmerki var veitt Elis Kristjánssyni og Fal Harðarsyni.
Sæmundur Runólfsson framkvæmdastjóri UMFÍ sæmdi Ólafíu Ólafsdóttur og Sigrúnu Sigvaldadóttur starfsmerki UMFÍ.

## 3.2 Stjórnarfundir

Alls hélt stjórnin 20 bókaða fundi á starfsárinu auk funda með stjórnum deilda. Stjórnarmenn sátu ýmsa vinnufundi í tengslum við ýmis verkefni. Stjórnarmenn hafa líka skipt með sér verkum og verið tengiliðir við starfandi nefndir. Fastur fundartími aðalstjórnar hefur verið annan hvern fimmtudag frá kl. 17:30-19:00. Varamenn hafa verið mjög duglegir að mæta á fundina og hafa þeir tekið virkan þátt í störfum aðalstjórnar og ákvarðanatöku. Stjórnarfundir eru opnir deildum félagsins og hefur stjórnin hvatt forystumenn deilda til þess að nýta sér að flytja mál sín í upphafi stjórnarfunda. Umræður hafa verið málefnalegar og líflegar á stjórnarfundum og starfsandi góður.

## 3.3 Af störfum aðalstjórnar

Kári Gunnlaugsson sótti vorfund UMFÍ sem haldinn var 11. maí á Húsavík. Ársþing Íþróttabandalags Reykjanesbæjar var haldið 3. júní í íþróttaakademíunni og átti Keflavík 10 fulltrúa á þinginu. Jóhann B. Magnússon var endurkjörinn sem formaður. Kári Gunnlaugsson er varaformaður ÍRB.  48. Sambandsþing UMFI var haldið 12.-13. október á Hóteli Stykkishólmi. Keflavík var með sjö fulltrúa. Helga Guðrún Guðjónsdóttir var endurkjörin sem formaður. Aðalstjórn bauð til samsætis 30. desember í félagsheimili okkar þar sem kjöri á íþróttakarli- og konu Keflavíkur 2013 var lýst.

## 3.4 Ábyrgð aðalstjórnar gagnvart deildum félagsins

Rekstur deilda er misjafn og fer eftir umfangi deilda. Deildir hafa lokið sínum aðalfundum og kemur í ljós að reksturinn er þungur. Lægri styrkir sveitarfélagsins og fyrirtækja, fækkun fyrirtækja og almennur samdráttur á svæðinu eru meginorsakir. Þrátt fyrir erfið skilyrði þá skiluðu deildir sér réttu megin við núll. Því má segja að stjórnarfólk deilda félagsins hafi skilað nánast kraftaverki. Aðalstjórn vill færa stjórnarmönnum deilda þakklæti sitt fyrir góða stjórnun á deildum félagsins. Aðalstjórn félagsins er ábyrg fyrir skuldum deilda sinna samkvæmt 3. gr. reglugerðar ÍSÍ um fjárreiður íþróttahreyfingarinnar.

## 3.5 Umhverfisdagur Keflavíkur

Umhverfisdagur Keflavíkur var haldinn 27. apríl. Það er markmið okkar að vel sé gengið um keppnissvæði og nærumhverfi félagsins, þau séu snyrtileg og okkur til sóma.
Vorum í samstarfi við Víkurfréttir , Samkaup og Reykjanesbæ. Þökkum öllum þeim aðilum sem koma að umhverfisdeginum með einum eða öðrum hætti.

## 3.6 Ný deild innan félagsins



Heiðrún B. Sigmarsdóttir, Sveinn Björnsson, Brynjar Harðarson, Svanhildur Skúladóttir, Sigurbjörg Á Snjólfsdóttir og Jasmina Crnac

Blakdeild er nýjasta deildin innan félagsins. Haldinn var stofndundur blakdeildar Keflavíkur 26. Mars. Formaður var kjörin Jasmina Crnac. Deildir félagsins eru þá átta.

## 3.7 Forvarnardagurinn

Forvarnardagur var haldinn í öllum grunnskólum landsins 9. október. Forvarnardagurinn er að frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Keflavík tók þátt í þessu verkefni í áttunda sinn og fór Einar Haraldsson í Heiðarskóla. Á forvarnardeginum er lögð megináhersla á að koma því til skila sem áratugalangar rannsóknir íslenskra fræðimanna við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík hafa sýnt að skili mestum árangri í forvörnum gegn fíkniefnum:
1. Að foreldrar og ungmenni verji sem mestum tíma saman.
2. Að börn og unglingar taki þátt í skipulögðu íþrótta- og æskulýðsstarfi.
3. Að ungmenni fresti því sem lengst að hefja neyslu áfengis.

## 3.8 Útgáfumál




Jólablaðið kom út í desember og var stjórn félagsins ánægð með útkomuna en blaðið var fjörtíu síður. Opnuviðtal var við þá bræður Jón Jóhannsson og Steinar Jóhannsson. Jólablaðið undirstrikar víðtæka starfsemi félagsins. Blaðinu var dreift í öll hús í Reykjanesbæ ásamt því að vera á heimasíðu félagsins. Fimleikadeildin sá um að dreifa blaðinu. Heimasíða félagsins og deilda er öflug en alltaf má gera betur. Heimasíðan geymir ýmsar upplýsingar um félagið og deildir þess. Auðveldar foreldrum og áhugafólk um íþróttir að fylgjast með hvað er að gerast í félaginu. Fundagerðir aðalstjórnar eru settar inná heimasíðuna undir aðalstjórn. Slóð heimasíðunnar er: http://www.keflavik.is
Rafrænan póst til félagsins á að senda á keflavik@keflavik.is

## 3.9 Framkvæmdarstjóri félagsins

Einar Haraldsson er framkvæmdarstjóri Keflavíkur og hefur gegnt því starfi síðan 1. maí 1999. Deildum félagsins stendur til boða að láta framkvæmdarstjórann færa bókhaldið og reikna launin. Auk þess hefur framkvæmdarstjóri verið deildum innan handar við hin ýmsu verkefni.

## 4.0 Félagsheimili Keflavíkur



Jákvæð breyting hefur verið á innrastarfi félagsins við tilkomu félagsheimilisins. Knattspyrnu- og körfuknattleiksdeild stóðu fyrir glæsilegu þorrablóti Keflavíkur sem rúmlega sexhundruð manns sóttu. Sportrásir stöðvar 2 eru í boði. Deildir hafa verið duglegar að nota aðstöðuna og bjóða upp á ýmsa skemmtilega hluti fyrir okkar iðkendur. Aðstaða til fundar er mjög góð.

## 5.0 Fyrirmyndarfélag/deild ÍSÍ


Mikael Þ. Halldórsson og Sigríður Jónsdóttir ÍSÍ

Keflavík íþrótta- og ungmennafélag varð fyrst allra fjölgreinafélaga til að hljóta viðurkenningu ÍSÍ sem fyrirmyndarfélag en það var 15. apríl 2003 sem þrjár deildir hlutu þessa viðurkenningu. Allar deildir félagsins, sem eiga þess kost, hafa hlotið gæðaviðurkenningu ÍSÍ. Þessi viðurkenning er mikils virði fyrir hverja deild og félagið í heild sinni sem segir að íþróttastarfið innan Keflavíkur sé rekið eftir ákveðnum gæðakröfum. Viðurkenningin er veitt til fjögurra ára í senn.
Allar deildir félagsins nema blakdeild eru búnar að fá vottun en hún er rétt eins árs gömul. Taekwondodeild fékk endurnýjun á vottuninni sinni á aðalfundi sínum til næstu fjögurra ára. Keflavík var fyrsta fjölgreinafélagið til að hljóta þessa vottun í þriðja sinn.

## 6.0 Landsmót UMFÍ

### 6.1 27. Landsmót UMFÍ á Selfossi 4. - 7. júlí 2013



27. Landsmót Ungmennafélags Íslands var haldið á Selfossi dagana 4.-7. júlí 2013.
Glæsilegur frjálsíþróttavöllur hefur verið byggður á Selfossi. Allar aðrar aðstæður til íþróttaiðkana eru mjög góðar. Keflavík átti fimmtíu og fimm keppendur á mótinu. Varð landsmótsmeistari í körfu kvenna og bridge. Hafnaði í sjötta sæti í heildina. Farastjóri var Guðmundur Sigurðsson. Aðalstjórn þakkar landsmótsnefndinni og farastjóra fyrir þeirra framlag.

### 6.2 16. Unglingalandsmót UMFÍ á Höfn í Hornafirði 2. – 4. ágúst. 2013



16. Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Höfn í Hornafirði 2. – 4. ágúst. Keflavík átti fimmtíu keppendur. Farastjóri var Guðjón Axelsson og tjaldbúðastjóri Ólafur Ásmundsson. Aðalstjórn þakkar unglingalandsmótsnefndinni, farastjóra og tjaldbúðarstjóra fyrir þeirra framlag.

### 6.3 17. Unglingalandsmót UMFÍ á Sauðárkróki 1. – 4. ágúst. 2014

17. unglingalandsmótið verður haldið á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina. UMSS er mótshaldarinn. Aðalstjórn hvetur deildir félagsins til að senda iðkendur á mótið og senda fjölmennt lið til þátttöku. Undanfarin ár hefur aðalstjórn greitt þátttökugjöldin. Þetta er skemmtilegasta útihátíð sem völ er á um verslunarmannahelgi. Allir á unglingalandsmót.

### 6.4 3. Landsmót UMFÍ 50+ á Vík 7. - 9. júní 2013

3. Landsmót Ungmennafélags Íslands 50+ var haldið í Vík í Mýrdal dagana 7.-9. júní í sumar.

### 6.5 4. Landsmót UMFÍ 50+ á Húsavík 20. - 22. júní 2014

4. Landsmót Ungmennafélags Íslands 50+ verður haldið á Húsavík dagana 20.-22. júní í sumar.

## 7.0 Bæjaryfirvöld

Aðalstjórn hefur átt gott samstarf við bæjaryfirvöld. Bæjarfulltrúum er vel ljóst hversu mikilvæg starfsemi íþróttahreyfingarinnar er í Reykjanesbæ. „*Reykjanesbær Íþróttabær*“ er stefnumörkun sem þarf að endurspegla sameiginlegan vilja íþróttahreyfingarinnar og bæjaryfirvalda, enda líklega unnin með hliðsjón af markmiðum UMFÍ, ÍSÍ og mennta- og menningamálaráðuneytis. Fagna ber þeirri uppbyggingu á íþróttamannvirkjum sem hefur verið hér í bæjarfélaginu á síðustu árum. Aðalstjórn leggur áherslu á áframhaldandi uppbyggingu á íþróttasvæðinu við Hringbraut og aukinni þátttöku bæjarins í kostnaði við innra starf félagsins.

## Lokaorð

Aðalstjórn vill þakka öllum velunnurum félagsins, stjórnarmönnum deilda og foreldrum fyrir dugnað og fórnfúst starf til eflingar íþróttastarfsins innan Keflavíkur.
Sigurvin Guðfinnsson hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér til endurkjörs til stjórnar en Sigurvin er búin að vera í stjórn félagsins í átján ár. Færi ég Sigurvini þakklæti aðalstjórnar fyrir hans framlag til íþróttamála í Keflavík um leið og ég óska honum og hans fólki alls hins besta á komandi árum. Takk Sigurvin.

Íslandi allt.

*Einar Haraldsson formaður*
*Keflavíkur íþrótta- og ungmennafélags*

## 8.0 Íþróttakona- og karl Keflavíkur og Íslandsmeistarar Keflavíkur 2013

# 8.1 Íþróttakona Keflavíkur 2013 Ástrós Brynjarsdóttir

Ástrós Brynjarsdóttir var valin taekwondo kona Íslands árið 2012. Hún hefur sýnt fram á langtum besta árangur sem nokkur íslensk taekwondo kona hefur náð á einu ári frá upphafi. Á árinu 2013 var hún valin besta keppandinn á öllum bikarmótunum sem voru haldin, á Íslandsmótinu í tækni og á Reykjavik international games sem er alþjóðlegt mót. Ástrós varð Norðurlandameistari á árinu, en hún keppni auk þess á tvennum Evrópumótum og þremur alþjóðlegum mótum. Ástrós er mikið efni og hefur sýnt ótrúlegan vilja og framfarir á árinu. Hún hefur æft með Ólympíukeppendum og heimsklasa þjálfurum, vakið athygli fyrir góða tækni hvar sem hún fer og sigrað hvert mótið á fætur öðrum. Það er augljóst að hér er á ferðinni ein efnilegasta íþróttakona landsins.



Einar Haraldsson. Ástrós Brynjarsdóttir og Skúli Þ. Skúlason

Árangur ársins 2013
Reykjavik International games – Gull í bardaga
Reykjavik International games – Gull í paratækni
Reykjavik International games – Gull í hópatækni
Reykjavik International games – Silfur í einstaklingstækni
Reykjavik International games – Valin besti kvenkeppandi leikanna í taekwondo
Bikarmót 2 – Gull í bardaga
Bikarmót 2 – Gull í einstaklingstækni
Bikarmót 2 – Valin besti keppandi kvenna í tækni
Bikarmót 2 Valin besti keppandi kvenna í samanlögðum árangri
Evrópumót í tækni einstaklings – 9. Sæti
Evrópumót í tækni para – 10. Sæti
Spanish Open í einstaklingstækni – 7. Sæti
Spanish Open í paratækni – 4. Sæti
Íslandsmót í bardaga – Gull í -47 kg flokki
Íslandsmót í bardaga – Sigraði liðakeppnina fullorðna
Bikarmót 3 – Gull í bardaga
Bikarmót 3 -  Gull í tækni
Bikarmót 3 – Besti keppandi kvenna í tækni
Bikarmót 3 -  Besti keppandi kvenna í samanlögðum árangri
Norðurlandamót – Gull í bardaga
Norðurlandamót  - Silfur í tækni
Landsmót UMFÍ – Gull í tækni
Evrópumót í bardaga – 5. sæti af 27 keppendum, tapaði naumlega fyrir stúlkunni sem varð í 2. Sæti
Íslandsmót í tækni – Gull í einstaklingstækni svört belti
Íslandsmót í tækni – Gull í paratækni fullorðna svört belti
Íslandsmót í tækni – Gull í hópatækni fullorðna svört belti
Íslandsmót í tækni – Valin keppandi mótsins hjá konum
Íslandsmót í tækni – vann liðakeppnina
Scottish Open – Gull í bardaga
Scottish Open – Gull í einstaklingstækni
Scottish Open – Gull í paratækni
Bikarmót 1 – Gull í bardaga flokki 1
Bikarmót 1 – Gull í bardaga flokki 2
Bikarmót 1 – Gull í tækni
Bikarmót 1 – Valin kvenkeppandi mótsins

Annað – Var valin nemandi ársins í fullorðinshóp hjá Keflavík
Var valin taekwondo kona Íslands á lokahófi ÍSÍ 2012

## 8.2 Íþróttakarl Keflavíkur 2013 Kristmundur Gíslason


Einar Haraldsson, Kristmundur Gíslason og Skúli Þ. Skúlason

Kristmundur var valinn taekwondo maður Íslands af ÍSÍ fyrir árið 2012. Hann er einn virkasti og efnilegasta keppandi þjóðarinnar. Hann hefur tekið þátt í stórmótum eins og EM og HM með góðum árangri. Kristmundur sigraði stórt alþjóðlegt mót á fyrsta árinu sínu í fullorðinsflokki, en Kristmundur er nýorðinn 18 ára gamall. Þrátt fyrir það þá hefur hann lengi keppt við fullorðna með góðum árangri. Kristmundur þjálfar einnig hjá Keflavík og Grindavík þar sem hann miðlar reynslu sinni til yngri kynslóða. Kristmundur hefur tekið stakkaskiptum sem íþróttamaður á síðustu misserum, en hann hefur helgað sig líferni íþróttamannsins og uppsker eftir því. Hann hefur bætt styrk, hraða, úthald og líkamsástand svo um munar og finna andstæðingar hans undantekningalaust fyrir því í hvert sinn sem hann stígur á keppnisgólfið.

Árangur á árinu:
Bikarmót 2 – Gull í bardaga
Bikarmót 1 – Gull í bardaga
Íslandsmót í bardaga – gull í +78kg flokki
Íslandsmót í bardaga – sigraði liðakeppnina
Íslandsmót í tækni – sigraði liðakeppnina
Millenium Open – Brons í -87kg
EM -21 – Tók þátt
Scottish Open – Gull í bardaga
Scottish Open – Brons í einstaklingstækni
Scottish Open – Silfur í hópatækni

## 8.3 Íþróttakarl og kona deilda Keflavíkur 2013

| | |
|---|---|
| **Knattspyrnukarl:** | **Hörður Sveinsson** |
| **Knattspyrnukona:** | **Heiðrún Sjöfn Þorsteinsdóttir** |
| **Körfuknattleikskarl:** | **Darrel Keith Lewis** |
| **Körfuknattleikskona:** | **Sara Rún Hinriksdóttir** |
| **Fimleikakona:** | **Lilja Björk Ólafsdóttir** |
| **Sundkarl:** | **Kristófer Sigurðsson** |
| **Sundkona:** | **Íris Ósk Hilmarsdóttir** |
| **Skotkarl:** | **Theodór Kjartansson** |
| **Skotkona:** | **Sóley Þrastardóttir** |
| **Taekwondokarl:** | **Kristmundur Gíslason** |
| **Taekwondokona:** | **Ástrós Brynjarsdóttir** |
| **Blakkarl:** | **Brynjar Harðarson** |


Frá vinstri Sara Rún Hinriksdóttir, Brynjar Harðarson, Theodór Kjartansson Íris Ósk Hilmarsdóttir, Kristófer Sigurðsson, Darrel Keith Lewis, Kristmundur Gíslason, Ástrós Brynjarsdóttir, Sóley Þrastardóttir, Hörður Sveinsson og Einar Haraldsson formaður Keflavíkur. Á myndina vantar Heiðrúnu Sjöfn Þorsteinsdóttur og Lilju Björk Ólafsdóttur

## 8.4 Íslandsmeistarar Keflavíkur 2013

## *185 Íslandsmeistarar KEFLAVÍKUR 2013*

**Karfa: fjöldi 88**

**Knattspyrna: fjöldi 20**

**Sund: fjöldi 39**

**Taekwondo: fjöldi 35**

**Skot: fjöldi 1**

**Fimleikar: fjöldi 2**

## 9.0 Starfsbikar Keflavíkur 2012 Margeir Elentínusson

Að þessu sinni er það Margeir Elentínusson sem hlotnaðist sá heiður að fá starfsbikar Keflavíkur fyrir árið 2012.
Margeir hefur starf mikið innan körfunnar og meðal annars var hann formaður körfuknattleiksdeildar 2008 - 2011. Margeir er einn að þessum mönnum sem segir ekki nei þegar til hans er leitað. Margeir er mikill Keflvíkingur í sér. Það því mikill fengur að hafa mann eins og Margeir innan okkar raða, en þar á körfuknattleiksdeildin góðan mann að.
Margeir er ávalt boðinn og búinn að aðstoða þegar til hans er leitað
Allar deildir væru stoltar að hafa slíkan mann innanborðs hjá sér.



Margeir Elentínusson og Kári Gunnlaugsson

## 10.0 Starfsmerki.

## 10.1 Gullmerki

*Gullmerki Keflavíkur er veitt fyrir 15 ára stjórnarsetu.*

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 26. febrúar '09**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Einar Haraldsson | aðalstjórn | Birgir Ingibergsson | aðalstjórn- sund |
| Kári Gunnlaugsson | aðalstjórn | Jónas Þorsteinsson | badmintondeild |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 28. febrúar '11**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sigurvin Guðfinnsson | aðalstjórn | | |
| Þórður Magni Kjartansson | aðalstjórn | Árni Pálsson | skotdeild |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 27. febrúar '12**

Guðjón Axelsson aðalstjórn

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 25. febrúar '13**

Bjarney S. Snævarsdóttir aðalstjórn

## 10.2 Silfurmerki

*Silfurmerki Keflavíkur er veitt fyrir 10 ára stjórnarsetu.*

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 29. febrúar '04**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Einar Haraldsson | aðalstjórn | Birgir Ingibergsson | aðalstjórn- sund |
| Kári Gunnlaugsson | aðalstjórn | Jónas Þorsteinsson | badmintondeild |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 21. febrúar '05**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Rúnar Arnarson | knattspyrnudeild | | |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 27. febrúar '06**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Árni Pálsson | skotdeild | Sigurvin Guðfinnsson | aðalstjórn |
| Sesselja Birgisdóttir | badmintondeild | Þórður M Kjartansson | aðalstjórn |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 28. febrúar '07**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Þorgrímur St. Árnason | körfuknattleiksdeild | Guðjón Axelsson | Aðalstjórn |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 28. febrúar '08**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Birgir Már Bragason | körfuknattleiksdeild | Bjarney S. Snævarsdóttir | aðalstjórn |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 26. febrúar '09**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sveinn Adolfsson | aðalstjórn | Grétar Ólason | knattsp.- körfuknattleiksdeild |
| Guðsveinn Ólafur Gestsson | körfuknattleiksdeild | Dagbjört Ýr Gylfadóttir | badmintondeild |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 25. febrúar '10**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Lilja Dögg Karsdóttir | Badmintondeild | | |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 28. febrúar '11**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Geir Gunnarsson | skotdeild | Hermann Helgason | körfuknattleiksdeild |
| Þorsteinn Magnússon | knattspyrnudeild | | |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 27. febrúar '12**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hjörleifur Stefánsson | knattspyrnudeild | Ólafur Birgir Bjarnason | knattspyrnudeild |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 25. febrúar '13**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Jón S. Ólafsson | knattspyrnudeild | Ásgeir S. Vagnsson | skotdeild |

## 10.3 Bronsmerki

*Bronsmerki Keflavíkur er veitt fyrir 5 ára stjórnarsetu.*

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 24.febrúar '99**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Einar Haraldsson | aðalstjórn | Jóhanna Kr. Guðbjartsdóttir | körfuknattleiksdeild |
| Kári Gunnlaugsson | aðalstjórn | Guðmundur Þórðarson | Knattspyrnudeild |
| Birgir Ingibergsson | aðalstjórn | Karítas Sigurvinsdóttir | fimleikadeild |
| Sigurvin Guðfinnsson | aðalstjórn | Gunnar H. Jóhannsson | badmintondeild |
| Hildur Kristjánsdóttir | aðalstjórn | Viðar Guðjónsson | badmintondeild |
| Erla Sveinsdóttir | körfuknattleiksdeild | Jónas Þorsteinsson | badmintondeild |
| | | Þorsteinn Þorsteinsson | badmintondeild |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 29.febrúar '00**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Rúnar Arnarson | knattspyrnudeild | Guðmundur Brói Sigurðsson | íþróttir fyrir alla |
| Páll Guðmundsson | skotdeild | Bryndís Skúladóttir | fimleikadeild |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 27.febrúar '01**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Þórður Magni Kjartansson | aðalstjórn | Ingiber Óskarsson | keiludeild |
| Grétar Ólason | knattspyrnudeild | Ólafur Örn Ingibergsson | fimleikadeild |
| Þorgrímur St. Árnason | körfuknattleiksdeild | Ólöf Sveinsdóttir | fimleikadeild |
| Árni Pálsson | skotdeild | Guðmundur Sighvatsson | knattspyrnudeild |

# 10.3 Bronsmerki frh.

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 18.febrúar '02**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Birgir Þór Runólfsson | knattspyrnudeild | Sigurbjörg Guðmundsdóttir | fimleikadeild |
| Jón B. Olsen | knattspyrnudeild | Sesselja Birgisdóttir | badmintondeild |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 25.febrúar '03**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Guðjón Axelsson | aðalstjórn | Bjarney S. Snævarsdóttir | sunddeild |
| Þorsteinn Magnússon | knattspyrnudeild | Halldór Þórólfsson | sunddeild |
| Birgir Már Bragason | körfuknattleiksdeild | Jón Ingiberg Kristjánsson | badmintondeild |
| Guðrún Sigurðardóttir | fimleikadeild | Guðni Pálsson | skotdeild |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 29.febrúar '04**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sveinn Adolfsson | aðalstjórn | Heimir Sigursveinsson | sunddeild |
| Guðsveinn Ólafur Gestsson | körfuknattleiksdeild | Dagbjört Ýr Gylfadóttir | badmintondeild |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 21. febrúar '05**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Erlingur Hannesson | Knattspyrnudeild | Lilja Karlsdóttir | badmintondeild |
| Hrannar Hólm | körfuknattleiksdeild | Rúnar Georgsson | körfuknattleiksdeild |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 27. febrúar '06**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Einar Skaftason | körfuknattleiksdeild | Níels Hermannsson | badmintondeild |
| Gunnar Jóhannsson | körfuknattleiksdeild | Árni Leifsson | Skotdeild |
| Hermann Helgason | körfuknattleiksdeild | Geir Gunnarsson | Skotdeild |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 28. febrúar '07**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Elín Kjartansdóttir | sunddeild | Ólafur Birgir Bjarnason | knattspyrnudeild |
| Klemenz Sæmundsson | sunddeild | Halldór Leví Björnsson | knattspyrnudeild |
| Sigríður Björnsdóttir | sunddeild | Hjörleifur Stefánsson | knattspyrnudeild |
| | | Þorsteinn Marteinsson | skotdeild |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 28. febrúar '08**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Jón S. Ólafsson | körfu-knattspyrnudeild | Jónína S. Helgadóttir | fimleikadeild |
| Særún Guðjónsdóttir | körfuknattleiksdeild | Ásgeir Svan | skotdeild |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 26. febrúar '09**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Oddur Sæmundsson | knattspyrnudeild | Guðmundur Jón Bjarnason | sunddeild |
| Einar H. Aðalbjörnsson | sund-knattspyrnudeild | Ingunn Gunnlaugsdóttir | Badmintondeild |
| Eva Björk Sveinsdóttir | fimleikadeild | Kristján Þór Karlsson | Badmintondeild |
| Herdís Halldórsdóttir | fimleikadeild | Eiríkur Ásgeirsson | Skotdeild |
| Sveinbjörg Sigurðardóttir | fimleikadeild | Þóra Gunnarsdóttir | Taekwondodeild |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 25. febrúar '10**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Rannveig Ævarsdóttir | taekwondodeild | Júlíus Friðriksson | sund |
| Sigrún Ómarsdóttir | taekwondodeild | Bjarni Sigurðsson | skotdeild |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 28. febrúar '11**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ásdís Júlíusdóttir | badmintondeild | Helga H. Snorradóttir | fimleikadeild |
| Halldóra B. Guðmundsdóttir | fimleikadeild | Hjördís Baldursdóttir | knattspyrnudeild |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 27. febrúar '12**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ágúst Pedersen | knattspyrnudeild | Sigurbjörg Róbertsdóttir | sunddeild |
| Kjartan Steinarsson | knattspyrnudeild | Ingvar Gissurarson | skotdeild |
| | | Örn Garðarsson | taekwondodeild |

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 25. febrúar '13**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Birna Petrína Sigurgeirsdóttir | badmintondeild | Falur Helgi Daðason | sunddeild |
| | | Jens Magnússon | skotdeild |

## 11.0 Heiðursmerki og starfsbikar.

## 11.1 Gullheiðursmerki

**Veitt í fyrsta sinn á aðalfundi KEFLAVÍKUR 28. febrúar '07**

Geirmundur Kristinsson sparisjóðstjóri Sparisjóðsins í Keflavík

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 28. febrúar '08**

Hafsteinn Guðmundsson fyrrum formaður IBK og ungmennafélagagi.

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 25. febrúar '10**

Guðmundur Haukur Þórðarson gjaldkeri
Hilmar Pétursson ritari
Ingibergur Jónsson meðstjórnandi og
Ragnar Jónasson meðstjórnandi
*Þessir aðilar skipuðu fyrstu stjórn KFK*

**Veitt á aðalfundi KEFLAVÍKUR 28. febrúar '11**

